

Upplýsingar um vinnufyrirkomulag í náminu.

Hvernig er námið uppbyggt? Verk- og stjórnendanám er að fullu fjarnám þ.e. allt námið fer fram á netinu og ekki er um neitt staðnám/staðlotu að ræða. Um er að ræða kennslulotur þ.e. lotu 1, lotu 2 og lotur 3, 4 og 5 sem eru kenndar hver á eftir annari.

Hver lota er ákveðinn fjöldi áfanga og **hver áfangi er hugsaður sem ein vika frá sunnudegi til sunnudags**. Allt efni birtist því á sunnudegi og vinnu í áfanganum á að vera lokið sunndaginn á eftir. Námsefni fyrirlestra birtist í Moodle tveimur dögum áður en kennsluvikan hefst til að leyfa þeim sem eru óþreyjufullir að byrja fyrr og nýta helgina.

Vinnan í hverri kennsluviku. Vinna nemenda snýst um að:

- 1) hlusta á fyrirlestra,
- 2) lesa ítarefni,
- 3) taka þátt í umræðum
- 4) í lok kennsluvikunnar á að skila verkefni.

Umræður geta verið tilbúna spurningar, spjall undir stjórn kennara í fjarfundarými (sýndarrými) eða annað sem tengist námi í viðkomandi áfanga. Umræðu skal lokið á miðvikudegi og í síðasta lagi á fimmtudegi kl. 23:55. Verkefni geta verið einstaklingsverkefni eða hópverkefni. Verkefnum skal lokið á sunnudegi kl. 23:55 en þá líkur viðkomandi áfanga.

Kennari í hverjum áfanga býður klukkustunda viðveru á dag á Internetinu, venjulega milli 17:00 og 19:00 virka daga. Nemendur geta komið með fyrirspurnir tengdar náminu eða vinnu á þessum tíma. Nemendur skulu taka þátt í þessum tímum ef kennari ákveður svo og því er nauðsynlegt að gera ráð fyrir því í upphafi náms. Nemendur þurfa að gera ráð fyrir að nota 10 klst. í námið í hverri viku og best er að dreifa tímanum yfir vikuna sbr. töflu um skipulag áfanga.

Ekki er unnt að útskrifa nemanda nema hann klári umræðu og skili verkefni hvers áfanga.